



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fláa**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að árið 2024 verði ráðist í átak við að setja fláa í gangstéttarbrúnir, sem víðast í Reykjavík þar sem von er á hjólum, hjólastólum og barnavögnum, í því skyni að bæta aðstæður viðkomandi vegfarenda. Margir slíkir fláar hafa verið gerðir í borginni og skilað góðum árangri en þeir mættu vera mun víðar. Leita skal eftir ábendingum frá hjólreiðafólki og öðrum hvar slíkra fláa sé þörf.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 15. nóvember 2023.

Umsögn:

Fláar (niðurtektir) við göngupveranir hafa verið gerðir víða í borginni, að heitið getur við allar skilgreindar göngupveranir, en þó er þörf á þeim á fleiri stöðum, bæði gatnamót og milli þeirra. Kjörið er að senda inn ábendingar um staði sem setja ætti fláa í ábendingavef borgarinnar. Í einhverjum tilfellum er hægt að gera lagfæringar eða nýja fláa samhliða öðrum framkvæmdum og er það gjarnan gert. Ef fara á í framkvæmdir, áttak, á þessum stöðum sérstaklega þarf að gera ráð fyrir fjármagni í þær framkvæmdir. Í einhverjum tilfellum er nauðsynlegt að fara í ögn stærri aðgerðir samhliða því að gera nýja niðurtekt, t.d. að bæta götulýsingu til að tryggja öryggi þverunar eða fjarlægja bílastæði til að koma þverun fyrir eða til að bæta sýn að og frá göngupverun.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri